

**FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR
SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKA HF. 2009**

HALDINN Í HÖFUÐSTÖÐVUM BANKANS AÐ HAFNARSTRÆTI 53, AKUREYRI

FÖSTUDAGINN 18. DESEMBER 2009 KL. 17.30

Halldór Jóhannsson formaður stjórnar setti fundin og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði ennfremur að tillögu sinni að Sigurður G. Guðjónsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og Vilhjálmur Bergs hdl. á lögfræðisviði Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. yrði kjörin fundarritari og voru engar athugasemdir gerðar.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og lýsti því yfir að hann væri löglega boðaður, en til hans var boðað með tölvupósti þann 11. desember sl. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans væru.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að mætt væri fyrir sem næmi 81 % af hlutafé félagsins.

Gengið var til dagskrár og bauð fundarstjóri bauð formanni stjórnar orðið.

1. SKÝRSLA STJÓRNAR OG TILLAGA STJÓRNAR UM SAMÞYKKI HLUTHAFA VEGNA ENDURSKIPULAGNINGAR Á EFNAHAGSREIKNINGI FÉLAGSINS OG UMBOÐ TIL HANDA STJÓRN Í ÞVÍ SAMBANDI

Formaður bauð fundargesti velkomna. Hann gerða grein fyrir ástæðu fyrir boðun fundar. Því næst fór hann stuttlega yfir stöðu bankans og ástæður fyrir boðaðri endurskipulagningu.

Að lokum skoraði hann á hluthafa að samþykkja tillöguna.

Að því loknu fékk Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson forstjóri bankans orðið. Forstjórinn bauð gesti velkomna og hóf kynningu á boðaðri endurskipulagningu á efnahagsreikningi bankans og samkomulagi bankans við ríkissjóðs. Hann lýsti aðdragandi að samkomulagi við ríkissjóð. Lánssamningum sem gerðir voru við ríkissjóð í mars 2009 og aðdragandanum að því samkomulagi sem nú liggja fyrir.

Forstjórinn gerði stuttlega grein fyrir forsögunni. Skuldabréf sem Saga Capital átti á föllnu bankanna var helsta ástæða taprekstrar á árinu 2008. Saga Capital keypti skuldabréf af föllnu bönkunum sem síðan voru notuð til endurhverfra lánsviðskipta við Seðlabanka Íslands. Reiknað hafi verið með heimtum uppá 60-80% af þessum skuldabréfum ef allt færi á versta veg. Með neyðarlögunum var hins vegar kröfuröð gjaldþrotaskiptalaga breytt og heimturnar minnkuðu. Eftir hrun hafi Seðlabankinn krafist aukinna veða. Saga Capital brást við veðkalli Seðlabankans og lagði fram fullar tryggingar. Með samningum við ríkissjóð frá því í mars var lengt í lánnum og vöxtum breytt. Samkomulagið sem nú liggur fyrir felur í sér að bankinn fær á ný ráðstöfunarrétt yfir veðunum.

Þá gerði forstjórinn grein fyrir nýrri reglugerð ESB sem leiðir til þess að ekki verður hægt að tekjufæra ívölnun vegna vaxta og færa til CAD eigin fjár. Sú

staða hafi leitt til þess að nauðsynlegt var að ganga til frekari samninga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð. Við því hafi bankinn verið búinn.

Í nóvember sl. náðist svo það samkomulag við ríkissjóð sem nú liggur fyrir og hafa eftirlitsaðilar gefið óformlegt samþykki sitt fyrir honum.

Þá gerði forstjórinn grein fyrir varúðarfærslum bankans á afskriftareikning, um 40 % af heildarútlánnum bankans, sem sé til þess fallið að tryggja framtíðarrekstrarhæfi hans.

Því næst fór hann yfir helstu atriði endurskipulagningarinnar.

Hluthafar SC verði hluthafar í tveimur félögum eignarhaldsfélagi og móðurfélagi. Saga Eignarhaldsfélag (SE) mun eiga 90.01% og Hilda 9.99%. Yfir í Hildu verði flutt skuldbinding SC á grundvelli ríkislánsins og einnig eignir á móti þeirri skuld.

Skilyrði samkomulagsins séu ekki íþyngjandi fyrir SC enda í samræmi við ný lög um fjármálafyrirtæki

Forstjórinn lýsti helstu markmiðum samkomulagsins og fór því næst yfir helstu efnisatriði hans.

Forstjórinn lagði áherslu á að hluthafar geti átt viðskipti með hluti sína í félögunum.

Þá taldi forstjórinn eðlilegt að stefna að sameiningu félaganna við SC þegar lán ríkissjóðs hefði verið greitt.

Að því loknu fór forstjórinn yfir kosti þessarar endurskipulagningar sem hann taldi ótvíræða.

Hann taldi að skipulagsbreytingar væru forsenda fyrir áframhaldandi rekstri og vaxtamöguleikum og taldi að með þessari leið væru góðir möguleikar á fullum endurheimtum alls hlutafjár á komandi árum.

Því næst fór forstjórinn yfir helstu tölur úr efnahagsreikningi Saga Capital og tæpti á fyrirhuguðum efnahagsreikningi Hildu.

Þá lýsti hann helstu eignum bankans sem eru ríkisbréf, stærsti liður í öðrum eignum séu óuppgerð viðskipti og skatteign.

Þar næst fór forstjórinn yfir rekstur félagsins ársins 2009 m.v. 31.10.

Forstjórinn rakti hvernig kostnaður bankans hefur dregist saman þrátt fyrir gríðarlegan kostnað við endurskipulagningu hans. Launakostnaður hefur minnkað, sem og ferða-, markaðs-, risnu- og almennur rekstrarkostnaður.

Þá hafi tekjur aukist og eðli þeirra breyst.

Þóknunatekjur hafi því sem næst fimmfaldast á árinu, þá hafi vaxtamunur dregist saman,

Forstjórinn gerði grein fyrir mikilli aukningu framlags á afskriftarreikningi. Þá gerði forstjórinn nánari grein fyrir rekstrarkostnaði bankans.

Að því loknu fór hann nánar yfir grunnrekstur bankans og afskriftir fyrstu 10 mán. ársins.

Forstjórinn lýsti góðum árangri í aukningu þóknunatekna bankans.

Því næst fór forstjórinn nánar yfir uppbyggingun rekstrarreiknings SC.

Forstjórinn taldi að árangur ársins hafi verið mjög góður þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Þá lýsti forstjórinn því yfir að stefnt væri að frekari aukningu tekna og áframhaldandi aðhaldi í kostnaði. Að því loknu bauð forstjórinn uppá spurningar úr sal.

Því næst fór forstjórinn yfir rekstraráætlun bankans árin 2009 og 2010. Gert sé ráð fyrir miklum vexti þóknana tekna og samdrætti í vaxtamun. Heildartekjur séu áætlaðar 950 millj. fyrir árið 2009 og 1457 millj. 2010. Gert sé ráð fyrir hagnaði á árinu 2010 uppá 740 millj. Þegar sþe búið að afskrifa mjög ríflega og ólíklegt að frekari afskriftir séu nauðsynlegar.

Því næst fór forstjórinn nánar yfir helstu þætti starfseminnar árið 2009.

Lýsti helstu áföngum í rekstri bankans á árinu. Fór yfir góða stöðu markaðsviðskiptasviðs bankans vegna frumútboða skuldabréfa. Fór yfir helstu skuldabréfaútboð sem staðið hefur verið að.

Þá lýsti forstjórinn ágætri stöðu fyrirtækjaráðgjafar og lánasviðs bankans.

Því næst horfði forstjórinn til Framtíðar. Taldi forstjórinn að bankinn yrði leiðandi fjárfestingarbanki á Íslandi innan tíðar, og stór þátttakandi í endurreisn atvinnu- og fjármáلالífsins. Stefna bankans sé að vera fagleg, framúrskarandi og einörð.

Taldi forstjórinn sögulegt tækifæri framundan fyrir bankann.

Forstjórinn lauk því næst máli sýnu og bauð uppá spurningar úr sal.

Að lokum þakkaði forstjórinn fyrir áheyrnina.

Þá fékk fundarstjórinn orðið og gaf orðið frjálst.

Því næst var tillaga stjórnar borinn undir hluthafafund.

Hluthafafundur samþykkti með þorra greiddra atkvæða framlagða tillögu að endurskipulagningu á efnahagsreikningi félagsins og umboð til stjórnar félagsins í því sambandi. Engin greiddi gegn tillögunni.

2. TILLAGA STJÓRNAR UM AFTURKÖLLUN Á UMBOÐI SITJANDI STJÓRNAR

Hluthafafundur samþykkti með þorra atkvæða að afturkalla umboð sitjandi stjórnar, án mótatkvæða.

3. KOSNING STJÓRNAR

Eftirfarandi gefa kost á sér í stjórn og varastjórn Saga Capital:

Stjórn:

Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119
Gunnar Þór Guðmannsson, kt. 150256-3649
Halldór Jóhannsson, kt. 040872-4189
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, kt. 250277-5209
Sindri Sindrason, kt. 200852-3979

Varastjórn:

Bjarni Hafþór Helgason, kt. 220857-3799
Elísabet Sigurðardóttir, kt. 271173-3349
Kristján Eldjárn Jóhannesson, kt. 220254-3139
Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 081151-3189
Stefán Héðinn Gunnlaugsson, kt. 170345-2909

Fleiri framboð bárust ekki fyrir fund.

Hluthafafundur samþykkti framangreinda stjórn og varastjórn án mótaskvæða.


4. ÖNNUR MÁL

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Að lokum lagði fundarstjóri til að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð og var það samþykkt án andmæla. Þakkaði fundarstjóri fundarmönnum samstarfið á fundinum.

Því næst sleit fundarstjóri fundi og lauk auglýstum fundarstörfum kl. 19:00.

FUNDARSTJÓRI



FUNDARRITARI

